



Reykjavík, 30. janúar 2020

**Til:** Skipulags- og samgönguráð.

**Efni:** Fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins varðandi rykbindingu gatna í Reykjavík.

Vísað er til fyrirspurnar Flokks fólksins um rykbindingu gatna í borginni dagsetta 15. janúar sl. sem hljóðar svo: *Hvernig má það vera að Reykjavíkurborg rykbindur götur borgarinnar aðeins 2 til 4 á ári en nú berast þær fregnir af nágrönnum okkar á Norðurlöndunum eins t.d. Svíum sem rykbinda götur Stokkhólm borgar 50 sinnum á ári. Hver er skýringin á þessum mikla mun?*

Eins og fram kemur í fyrirspurninni lætur Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar rykbinda stofn- og tengibrautir að meðaltali 2 – 4 sinnum á ári. Nauðsynlegt er að taka fram að stofnbrautir innan borgarmarkanna eru þjóðvegir í þéttbýli undir veghaldi Vegagerðarinnar.

Stofn- og tengibrautir innan lögsögu Reykjavíkurborgar eru rykbundnar samkvæmt fyrirmælum viðbragðsteymis sem starfrækt er í samræmi við viðbragðsáætlun Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um loftgæði. Um er að ræða samstarfsvettvang Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur stýrir starfinu enda mælingar og spár um loftmengun á ábyrgð stofnunarinnar. Þegar þær aðstæður skapast að gildi svifryks gæti mögulega farið yfir sólarhrings-heilsuverndarmörk er viðbragðsteymið kallað saman og ákvörðun teymisins kynnt fyrir samstarfsaðilum sem síðan framkvæma rykbindingu – í öllum tilfellum umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar bæði á stofn- og tengibrautum.

Ákveðin veðurskilyrði þurfa að vera fyrir hendi svo rykbinding komi að gagni og frá því að framangreint verklag var tekið upp fyrir nokkrum árum hefur viðbragðsteymið ekki talið rykbindingu koma að gagni í fleiri skipti en þau sem um ræðir. Verklagið hefur gengið vel og verið skilvirkt og unnið í góðu samstarfi milli aðila viðbragðsteymsins.

Virðingarfyllst,

Hjalti J. Guðmundsson

Skrifstofustjóri, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins.